

Vesturbyggð  
Aðalstræti 63  
450 Patreksfjörður

Sauðárkrókur, 30. september 2021

202109192

6.5

SA

## Efni: Úttekt á Slökkviliði Vesturbyggðar 2021


Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) tryggir samræmingu eldvarnareftirlits og slökkvistarfs um land allt. Í því skyni skal stofnunin gera sjálfstæðar athuganir og úttektir með því að leiðbeina sveitarstjórnnum um þær kröfur sem gerðar eru til eldvarnareftirlits og starfsemi slökkviliða samkvæmt 6. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.


HMS framkvæmdi úttekt á Slökkviliði Vesturbyggðar þann 9. september 2021. Markmiðið var að staðreyna hvort framkvæmd starfs slökkviliðsins væri í samræmi við lög um brunavarnir, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og brunavarnaáætlun sveitarfélagsins og koma á framfæri leiðbeiningum til sveitarstjórnarinnar um það sem betur mætti fara eftir því sem við á.

Til samræmis við áskilnað í 6. gr. laga um brunavarnir var leitað umsagnar slökkviliðsstjóra við úttektina og við niðurstöður hennar var tekið tillit til fenginna athugasemda hans. Hjálagt fylgir niðurstaða og leiðbeining um þau atriði sem þarfnast úrbóta. Þá leggur HMS til við sveitarstjórn að ráðist verði í nauðsynlegar úrbætur og er þess óskað að HMS berist svar berist frá sveitarstjórn með áætlun um úrbætur við athugasemdum stofnunarinnar.

Telji HMS að sveitarstjórn sinni ekki skyldu sinni samkvæmt lögum um brunavarnir eða reglugerðum settum samkvæmt þeim ber stofnuninni að undangenginni viðvörðun til sveitarstjórnar að tilkynna það til ráðuneytis, sbr. 33. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.

Virðingarfyllt,  
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

  
Þorlákur Snær Helgason,  
sérfræðingur á brunavarnasviði

  
Stefán Árnason,  
sérfræðingur á brunavarnasviði

Afrit sent til slökkviliðsstjóra

Hér fyrir neðan eru samandregnar þær athugasemdir sem gerðar voru við úttektina. Litakóði í mati gefur til kynna alvarleika athugasemda að mati sérfræðinga HMS.

- Lítið frávik
- Þarfnast úrbóta
- Ekki í lagi

## Athugasemdir vegna húsnæðis:

Atriði	Mat	Lýsing
Er slökkvistöðin snyrtileg	Lítið frávik	Slökkvistöðin á Bíldudal þarfnast aðhalds. Gólfíð er illa farið og getur valdið skemmdum á hjólbörðum við útkeyrslu. Geymsla á búnaði gæti verið skipulagðari og fjarlægja þyrfti óviðkomandi búnað sem geymdur er á stöðinni. (sjá myndir 1 og 2)
Aðstaða til að geyma hlífðarfatnað	Þarfnast úrbóta	Geymsla á hlífðarfötum er í opnum hólfum. Ákjósanlegt væri að setja upp lokaða skápa eða aðskilja búninga aðstöðu og bílasal til að koma í veg fyrir að koltvísýringismengun berist í fatnaðinn. (sjá myndir 3, 4 og 5)
Aðstaða til að þrifa hlífðarfatnað og annan búnað slökkviliðs	Lítið frávik	Takmörkuð aðstaða er til að þrifa hlífðarfatnað og búnað á starfstöðvum slökkviliðs á Patreksfirði og Bíldudal. (sjá myndir 6 og 7)
Aðstaða til að þrifa mannskap	Þarfnast útbóta	Engin aðstaða er til að þrifa mannskap eftir útköll. Gera þyrfti samning um afnot að sundlaug eða sambærilegu sem mannskapur geti nýtt sér. Ákjósanlegast að hafa sturtu aðstöðu á slökkvistöð
Plássþörf slökkvistöðvar sbr. leiðbeiningum 6.086	Ekki í lagi	Slökkvistöðvar þurfa að uppfylla kröfur um kaffistofur, snyrtingar og böð. Slökkvistöðin á bíldudal uppfyllir ekki þær kröfur þar sem engin starfsmannaaðstaða eða salerni er til staðar. Á Patreksfirði vantar einnig salerni, en starfsmenn komast á salerni inn af áhaldahúsi.

		Of þröngt er um tæki og búnað á Patreksfirði til þess að hægt sé að ganga eðlilega um og viðhalda búnaði. (sjá mynd 8)
--	--	--

## Athugasemdir vegna reksturs slökkviliðs

Atriði	Mat	Lýsing
Uppfyllir sveitastjórn kröfur varðandi starfsemi slökkviliðsins	Ekki í lagi	Ekki er búið að gera skriflega samstarfssamninga við Tálknafjörð um rekstur slökkviliðs. Sveitarfélag hefur ekki ennþá sett fram brunavarnaráætlun. Greiða ekki fyrir stjórnendavaktir og hafa þannig viðeigandi afleysingu fyrir slökkviliðsstjóra.  Slökkviliðið er á vegum sveitarfélagsins og sveitarfélaginu er skylt að sjá um að starfsemi slökkviliðs fullnægi kröfum samkvæmt lögum um brunavarnir nr.75/2000
Er til staðar gild brunavarnaráætlun, sbr. 13. gr. laga nr. 75/2000	Ekki í lagi	Brunavarnaráætlun er ekki til staðar.
Eru til samstarfssamningar við nágrenna slökkvilið, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 747/2018	þarfnast úrbóta	Ekki hafa verið skriflegir samstarfssamningar við nágrenna slökkvilið líkt og kveðið er á um í reglugerð.
Er slökkviliðsstjóri eða staðgengill hans ávallt á vakt/bakvatkt	Ekki í lagi	Slökkviliðsstjóri eða staðgengill er almennt ekki á vakt eða bakvakt. Setja þyrfi upp stjórnendavaktir til að tryggja útkallssvæðið.
Er upplýsingum um rekstur slökkviliðs skilað til HMS fyrir 1. maí ár hvert, sbr. 8 gr. reglugerðar nr. 747/2018	Lítið frávik	Upplýsingum um rekstur slökkviliðs er ekki skilað til HMS. <b>Með rekstri er átt við sambærilega skýrslu og gefin er árlega til sveitarfélags, þar sem dregin er saman tölfraði ársins.</b>

Er næginlegt vatn og vatnsþrýstingur fyrir hendi til slökkvistarfs	Þarfnast úrbóta	Skv slökkviliðsstjóra þyrfti almenn að fjölga brunahönum í þéttbýli.
Hefur slökkvilið viðeigandi búnað og þjálfun í skyndihjálpi í samræmi við reglugerð	Þarfnast úrbóta	Slökkvilið þarf búnað og þjálfun í skyndihjálpi. Hjartastuðtæki og annar skyndihjálparbúnaður er nauðsynlegur búnaður til að efla öryggi slökkviliðsmanna.  Sjúkrabíll fylgir hins vegar með í flest útköll
Hefur slökkvilið viðeiginandi fjarskiptabúnað í samræmi við reglugerð	Þarfnast úrbóta	Bæta þyrfti fjarskiptabúnað reykkafara.
Er haldin viðeigandi skrá yfir rekstur loftpressu og áfyllingar á lofthylki	Lítið frávik	Halda þyrfti skilvirkari skráningu áfyllinga á lofthylki.
Er haldin skrá yfir reykkafanir	Lítið frávik	Skráning á reykköfun þyrfti að vera skilvirkari
Er til neyðaráætlun um hvernig bregðast skuli við slysum og öðrum hugsanlegum neyðaratvikum við reykköfun, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 1088/2013	Þarfnast úrbóta	Áætlunin er ekki til á blaði og því ekki aðgengileg.

## Athugasemdir vegna þjálfunar mannskaps:

Atriði	Mat	Lýsing
Hæfniskröfur slökkviliðsmanna	Lítið frávik	Læknisskoðun, þol og styrktarpróf er ekki gerð nægjanlega reglulega en var síðast gert vor 2021

Reykköfunarréttindi	Þarfnast úrbóta	Fjölga þyrfti starfsmönnum slökkviliðsins með gild reykköfunarréttindi.
---------------------	-----------------	---

## Athugasemdir vegna persónulegra hlífðarfata og búnaðar:

Atriði	Mat	Lýsing
Ástand hlífðarfatnaðar	Þarfnast úrbóta	Gallar, hjálmar slökkviliðs og stígvél þarfnast endurnýjunar. (sjá myndir 9 og 10)
Er til viðurkenndur undirfatnaður fyrir slökkviliðsmenn sem er úr efnum sem ekki bráðna við hita	Þarfnast úrbóta	Slökkviliðsmönnum er ekki úthlutað viðeigandi undirfatnaði til að klæðast undir eldgöllum.
Eiturefnagallar slökkviliðs	Ekki í lagi	Slökkviliðið hefur úrelta eiturefnagalla til umráða. Á starfssvæðinu er umfangsmikil notkun efna sem teljast til heilsufarsspillandi og eitraðra efna.  <b>Eldvarnareftirlit getur gert kröfu á fyrirtæki um stuðning við slökkvilið með tilliti til búnaðar og þjálfunar vegna viðbúnaðar vegna þeirrar hættu sem fylgir starfssemi þeirra.</b>

## Athugasemdir vegna eldvarnareftirlits:

Atriði	Mat	Lýsing
Fer nægjanlegur hlut af heildarframlagi sveitarfélags til slökkviliðs í forvarnir og eftirlit	Þarfnast úrbóta	Efla þyrfti hluta eldvarnareftirlits og forvarna til að hægt sé að sinna því sem skyldi
Er til skrá yfir öll mannvirki og aðra staða þar sem eldsvoði getur valdið sérstakri hættu	Þarfnast úrbóta	Gera þyrfti slökkviáætlanir fyrir helstu hættur sveitafélags

Er eldvarnarfulltrúi í fyrirtækjum sem falla undir 19. gr reglugerðar nr. 723/2017	Þarfnast úrbóta	Eldvarnareftirlit hefur ekki verið að setja kröfur í eldvarnareftirlitskoðun um að fyrirtæki skuli vera með eldvarnarfulltrúa, sbr. 11 gr. reglugerðar nr. 723/2017.
Er neyðaráætlun í fyrirtækjum sem falla undir 19. gr reglugerðar nr. 723/2017	Þarfnast úrbóta	Eldvarnareftirlit hefur ekki verið að setja kröfur í eldvarnareftirlitskoðun um að fyrirtæki skuli vera með neyðaráætlun, sbr. 13 gr. reglugerðar nr. 723/2017.
Hefur skýrslu síðasta árs um framkvæmd eldvarnareftirlits verið skilað inn skýrslu til HMS, sbr. 20 gr. reglugerðar nr. 723/2017	Þarfnast úrbóta	Hefur ekki verið skilað inn.
Fær slökkviliðsstjóri tilkynningu um umfangsmikla geymslu á eittraðri og ætandi vöru, eldnærandi efnum, gasi undir þrýstingi o.þ.h. Sem við eldsvoða getur haft í för með sér sérstaka hættu	Þarfnast úrbóta	Vantar frekari upplýsingar. T.d. vegna umfangsmikillar starfssemi í sveitarfélaginu. Svo sem færanlegar malbikunarstöðvar og svo framvegis.  <b>Sveitarfélag skal upplýsa byggingaraðila og aðra stórtæka verktaka um tilkynningaskyldu þeirra, gagnvart slökkviliðsstjóra, í sambandi við umfangsmikla geymslu á hættulegum og/eða eldnærandi efnum sem kann að fylgja starfsemi þeirra.</b>
Er mönnun eldvarnareftirlits í samræmi við reglugerð	Þarfnast úrbóta	Fjölga þyrfti eldvarnareftirlitsmönnum eða auka starfshlutfall til að ná yfir eldvarnareftirlit sveitarfélagsins

## Athugasemdir vegna ökutækja:

Atriði	Mat	Lýsing
Aldur dælubifreiðar Bíldudal	<b>Ekki í lagi</b>	Aldur dælufreiðar er ekki í samræmi við leiðbeiningar um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingu búnaðar slökkviliða. Dælubifreiðin er hægfara, með mikinn útblástur og orðin úrelt sem forgangs- og viðbragðstæki. ( sjá mynd 11)
Aldur tankbifreiðar Pateksfirði	<b>Ekki í lagi</b>	Aldur dælufreiðar er ekki í samræmi við leiðbeiningar um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingu búnaðar slökkviliða. ( sjá mynd 12)



Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3 Pateksfjörður



Mynd 4 Bíldudalur



Mynd 5 Bíldudalur  
Mynd 6 Patreksfjörður



Mynd 7 Bíldudalur

Mynd 8 Patreksfjörður



Mynd 9



Mynd 10



Mynd 11



Mynd 12